



Síldarvinnslan hf

Fiskimjölsverksmiðja Neskaupstað

Efnalosun með frárennsli við vinnslu á afskurði

9. – 10. október 2017.



1. Inngangur

Dagana 9. – 10. október 2017 var mæling gerð á frárennslisrásum frá verksmiðjunni við vinnslu á afskurði frá fiskiðjuveri. Vinnsluafkost verksmiðju voru þá um 800 hráefnistonn á sólarhring. Mælingarnar voru framkvæmdar í samræmi við kröfur í starfsleyfi verksmiðjunnar.

Sýnataka fór fram úr öllum frárennslisrásum verksmiðjunnar og stóð í einn sólahring, Matís sá um mælingar á sýnum. Í sýnum voru mæld gildi á efnafræðilegri súrefnisþörf (COD), svifögnum og fitu. Sex sýni voru tekin yfir sólarhringinn og þeim blandað saman í eitt sýni, sýnin voru kæld fram að efnagreiningu. Einnig voru tekin sýni af sjó sem notaður er til kælingar í þvottaturnum og á eimsvöldum við eimingu. Rennsli kælisjós var áætlað út frá afköstum sjódæla, þéttivatn út frá afköstum við eimingu, þéttivatn frá glatvarmatækjum og flæði frá fitugildru var mælt út frá þeim tíma sem tók að fylla ákveðið rúmtak. Efnamælingar á sjósýnum að dælum voru dregnar frá heildarniðurstöðum frárennslismælinga.

Meðfylgjandi eru rannsóknarniðurstöður frá MATÍS á frárennslissýnum.

Hér neðar er tafla sem sýnir útreiknað heildarmagn lífrænnra efna í frárennsli byggt á mælingum af sýnum að teknu tilliti til rennslismagns. Niðurstöðurnar eru bornar saman við starfsleyfiskröfur en gefin er upp hámarskmæling í fitu en ekki vegið meðaltal fitu í öllu frárennslisvatni.

2. Samantekt frárennslismælinga

Straumar frá verksmiðjunni:	COD kg/shr	Svífefni kg/shr	Fita mg/l
Kælisjór frá þurrkara 1	130	108	2
Kælisjór frá þurrkara 2	130	117	2
Þéttivatn eiming MVR	4	1,3	21
Þéttivatn eiming glatvarmi	2	1	2
Þéttivatn forsjóðari	1	0	2
Eimsvali glatvarmi	6	28	2
Eimsvali MVR	5	19	2
Efnaturalnar (lykteyðing)	7	10	10
Þvottaturn afsog	143	168	7
Frá fitugildru	12	42	17
Samtals	442	493	
Kælisjór inn þurrkarar	290	246	
Kælisjór inn frá Saltfisk dælustöð....	52	255	
Mismunur....	100	-8	

Samtals COD pr tonn hráefnis (1,5 kg/tonn)	0,12	kg/tonn hráefnis	
Samtals svífefni pr tonn hráefnis (300 g/tonn)	-9	g/tonn hráefnis	
Max fita í frárennsli (100 mg/l)	21	mg/ltr	

Losun mældist undir starfsleyfismörkum fyrir öll mæld efni.

3. Magn hráefnis

Magn unnins hráefnis síðustu tvö ár.

Ár	Hráefnistegund	Magn tonn
2016	Loðna	16.372
2016	Kolmunni	46.878
2016	Afskurður og fráflokkað frá vinnslu	27.761
Samtals 2016.....		91.011
2017	Loðna	33.421
2017	Kolmunni	54.735
2017	Afskurður og fráflokkað frá vinnslu	30.369
Samtals 2017.....		118.525

21. desember 2017

Hafþór Eiríksson
BÍÐARVÍNNSLAN HF

Hafþór Eiríksson, verksmiðjustjóri Neskaupstað